

# Nesfréttir



OKTÓBER 2021 • 10. TBL. • 34. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)



Mikill fjöldi fólks tók þátt í menningarhátíð Seltjarnarness sem haldin var dagana 7. - 10. október sl. Um 30 viðburðir og sýningar voru í gangi víðsvegar um bæinn. Á barnadagskrá bókasafnsins mætti Gunnri Helga rithöfundur en hann sló þar algjörlega í gegn. Nánar er fjallað um menningarhátíðina á bls. 6, 7 og 8.

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIÐISTORGI  
**HAGKAUP**

- Viðtal við  
Hilmar J. Malmquist  
- bls. 10-11



**Erum á Óðinsgötu 1**

Sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](https://facebook.com/Systrasamlagid)  
Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)



**Velkomin  
á Grandann**

Nú **sækjum** við og  
skilum bílum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is) • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30

**Góð þjónusta – Hagstætt verð**

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18  
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Safnasvæðið í Nesi

Samningur Seltjarnarnesbæjar og ríkisins um húsið sem ætlað var lækningaminjasafni er áhugaverður um margt.

Í fyrsta lagi losnaði bæjarfélagið við húsið og kostnaðinn við að reka þar safn. Í öðru lagi fær Náttúruminjasafn Íslands varanlegt húsnæði í fyrst sinn í sögu þess. Í þriðja lagi verður til heildstætt safnasvæði á Seltjarnarnesi. Safnasvæði er nátengt náttúrunni á marga vegu.

Saga lækninga og lyfjagerðar hér á landi hófst í Nesi. Náttúran umlykur þennan ysta hluta Seltjarnarness. Gróttu og Bakkatjörn með sitt fuglalíf eru í næsta nágrenni og engar líkur er til að byggð verði mynduð á þessum slóðum utan íbúðahverfis sem hafin er bygging á við Bygggarða.

Safnasvæðið í Nesi er kjörið til þess að vekja athygli á Seltjarnarnesi. Á safnasvæðinu eru möguleikar á að rækta margvíslega menningarstarfsemi með tilvísun í náttúruvísindi. Svæðið mun einnig hafa sterkt aðdráttarafl fyrir ferðamenn í framtíðinni. Bæði innlenda og erlenda.

Með uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslandi í Nesi verður þessu einstaka svæði afhent mikilvægt hlutverk til framtíðar. Hlutverk er lítur að náttúru og sögu lands og þjóðar. Hlutverk sem útheimtir að vel verði gengið um allt nánasta nágrenni um alla framtíð.

## Skipulags- og umferðarnefnd

### Fjallað um mál tengd Hrólfsskálavör og Steinavör



Nokkur mál voru til umræðu á fundi Skipulags- og umferðarnefndar Seltjarnarnesbæjar á dögunum. Flest fjölluðu erindin um breytingar á reitum við Hrólfsskálavör og Steinavör sem Davíð Helgason hefur fest kaup á.

Í fyrsta lagi má nefna fyrirspurn Kristjáns Arnar Kjartanssonar fyrir hönd Davíðs Helgasonar, um útilistaverk við Hrólfsskálavör 2. Í fyrirspurninni var óskað álit Seltjarnarnesbæjar á að reisa útilistaverk í fjörunni fyrir neðan Hrólfsskálavör 2. Nefndin hefur bent á að samkvæmt fornleifaskráningu séu minjar á svæðinu og vísaði því erindinu til umsagnar hjá menningarnefnd og umhverfisnefnd.

Í öðru lagi var lögð fram fyrirspurn Kristjáns Arnar Kjartanssonar fyrir hönd Davíðs Helgasonar varðandi stöðuleyfi fyrir Yurt-tjald og timburpall á lóðinni Steinavör 10. Skipulags- og umferðarnefnd tók jákvætt í erindið en benti á að sækja þurfi formlega um stöðuleyfi fyrir lausafé sem standa eigi lengur en tvo mánuði.

Þá var lögð fram fyrirspurn Kristjáns Arnar Kjartanssonar fyrir hönd Davíðs Helgasonar um niðurrif einbýlis og bílskúrs á lóðinni Steinavör 10. Skipulags- og umferðarnefnd tók jákvætt í erindið en benti á að samkvæmt gr. 2.3.1 Byggingarreglugerðar þurfi að sækja formlega um byggingarleyfi fyrir niðurrifi mannvirkja á þar til gerðu eyðublaði og skila inn til byggingarfulltrúa.

Nesfréttir www.borgarblod.is



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW



WWW.ASWE.GROW.IS

# Nesdekk - í næsta nágrenni!

Réttu dekkin draga fram bestu  
eiginleika bílsins og veita  
hámarks öryggi við misjöfn  
akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna  
við val á réttum dekkjum.



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu.



Toyo Pirelli Laufenn Maxxis Mastercraft Nankang Double Coin



## Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Ekki lenda í biðröð. Þú sparar tíma með því að bóka tíma.

**Nesdekk**

Fiskislóð 30 / 101 Reykjavík / 561 4110 / Tímabókun

**NESDEKK**  
nesdekk.is / 561 4200

# Framkvæmdir við skólpdælistöð við Norðurströnd



Stórvirk vinnuvél að störfum við fráveituna.

Eins og áður hefur verið kynnt standa yfir umfangsmiklar framkvæmdir og endurbætur á fráveitu Seltjarnarnesbæjar. Endurbæturnar í heild sinni hafa staðið yfir í nokkur ár og er gert ráð fyrir því að þeim muni ljúka um áramótin.

Frá því í vor hefur verið unnið við lagningu nýrrar þrýstilagnar frá dælubrunninum meðfram

Norðurströndinni og mun hún ná alla leið að dælustöð Veitna við Seilugranda. Þessa dagana er unnið að endurnýjun dælustöðvarinnar fyrir fráveitu við Norðurströnd og Lindarbraut en dælustöðin mun sjá um að skila skólpinu til hreinsistöðvanna við Ánanaust. Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.



Þessar stúlkur eru greinileg ánægðar með nýju tölvurnar sínar.

## Nemendur í 9. og 10. bekk fá Chromebook tölvur

Nemendur í 9. og 10. bekk í Grunnskóla Seltjarnarness hafa fengið afhentar Chromebook tölvur til persónulegrar notkunar í skólafarfinu og til notkunar heima fyrir. Um 100 Chromebook tölvur hafa verið afhentar að þessu sinni en til stendur að afhenda fleiri árgöngum slík námsgögn á næstu mánuðum.

Á liðnu vori óskuðu kennarar í Valhúsaskóla eftir fleiri tölvum og í kjölfarið var sú ákvörðun tekin að fara í innleiðinguna. Chromebook tölvur eru einstaklega hentugar í skólafarfi og eru hannaðar og framleiddar af Google. Nemendur og kennarar hafa tekið vel í innleiðinguna og opna tölvurnar kennurum leið til að auka þátt upplýsingatækni í námi og kennslu og eru jafnframt gott tæki til að koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda.



## Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félag eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)



KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



#### Tjónaskoðun

Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



#### Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



#### Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnurst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



#### Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is)  
[www.tjon.is](http://www.tjon.is)

# DAGSKRÁ OKTÓBER-NÓVEMBER 2021

## GALLERÍ GRÓTTA – SÝNING

**Guðrún Einarsdóttir**  
sýnir verk sín í  
Gallerí Gróttu  
á sýningunni  
**MÁLVERK.**  
Sýningunni lýkur  
30. október.



## 25.–31. október HALLOWEEN



### RATLEIKUR Á HREKKJAVÖKU!

Þekkir þú vampírur,  
múmiur eða köngulær?  
Komdu þá á bókasafnið  
og finndu þær!

Skuggalegar verur birtast í gluggum safnsins 30. og 31. okt.

## 27. október kl. 17.00 ALÞJÓÐLEGI BANGSADAGURINN

### Bangsasögustund



Komdu með bangsann  
þinn í heimsókn á  
bókasafnið og hlustið  
saman á skemmtilega  
bangsasögu. Leynigestur  
les fyrir börnin!

## 1. nóvember kl. 20.00



**SelgarnaNes og nágrenni**  
Áhugafólk um hannyrðir  
hittist einu sinni í mánuði og  
á notalega stund saman við  
handavinnu. Allir velkomnir.  
Nánar á FB: **SelGARNes  
og nágrenni.**

## 3. nóvember kl. 17.00–18.30



### Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesnar verða  
bækurnar  
**Nanna og  
miðnætur-  
drekinn** og  
**Nanna norn**  
eftir Valerie  
Thomas og  
Korky Paul.



## 4. nóvember kl. 17.00–18.30 SÝNINGAROPNUN Í GALLERÍ GRÓTTU



Samsýning – Vatnslitafélag Íslands opnar  
sýninguna **BREYTINGAR.**  
Sýningin stendur til 27. nóvember nk.

## 9. nóvember kl. 17.30–18.30 BÓKMENNTAKVÖLD



**Þóra  
Hjörleifs-  
dóttir** les  
upp úr og  
fjallar um  
bók sína

**Kvíka**, bók sem á erindi til  
allra. Bók sem fjallar um  
ást, ofbeldi og þá þunna  
línu sem oft er þar á milli í  
baneitruðum samböndum.

## 16. nóvember DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

**Ljóð Jónasar  
Hallgrímssonar**  
Á degi íslenskrar  
tungu verða  
ljóð Jónasar í  
hávegum höfð  
á safninu með  
framsetningu  
bóka og ljóða eftir  
skáldið.



## 17. nóvember kl. 17.30 TÓNSTAFIR



**Rússnesk tónlist**  
á þematónleikum á vegum  
nemenda tónlistarskólans.

## 23. nóvember kl. 20.00 – 22.00 RITHÖFUNDAKVÖLD

### Okkar geysivinsæla höfundakvöld verður í nóvember.

Fjórir höfundar lesa upp úr  
og ræða nýútkomnar bækur  
sínar. **Helga Ferdinandsdóttir**  
bókmenntafræðingur stýrir  
umræðum. Boðið verður upp  
á veitingar í hléi.



## 20. nóvember

Kl. 11.00 – 12.00



### Lesið fyrir hund Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum býðst að lesa sér til ánægju  
fyrir hunda sem eru sérstaklega  
þjálfaðir til að hlusta á börn lesa.  
Sex börn komast að í hvert skipti.

Skráning:  
[saeunn.olafsdottir@seltjarnarnes.is](mailto:saeunn.olafsdottir@seltjarnarnes.is)

Kl. 11.00 – 14.00



### Föndur

**Sæunn barnabókavörður** býður  
börnum og fjölskyldum þeirra upp  
á skemmtilegt föndur.

## 29. nóvember – 23. desember JÓLARATLEIKUR

ÞEKKIR ÞÚ ALLA ÍSLENSKU JÓLASVEINANA?  
TAKTU ÞÁTT Í JÓLARATLEIK BÓKASAFNSINS.



**Bókasafn  
Seltjarnarness**

Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30 og fös. 10-17. Lau. 11-14.

Sími: 5959-170, Netfang: [bokasafn@seltjarnarnes.is](mailto:bokasafn@seltjarnarnes.is)

Bókasafn Seltjarnarness

# Velheppnuð Menningarhátíð Seltjarnarness 2021

Mikill fjöldi fólks tók þátt í menningarhátíðinni sem haldin var dagana 7. til 10. október sl. og virtist njóta vel þess sem boðið var upp á enda var dagskrá hátíðarinnar afar fjölbreytt. Markmiðið var að flestir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi en um 30 viðburðir og sýningar voru í gangi víðsvegar um bæinn.

Mörg hundruð manns lögðu leið sína út í Gróttu til að upplifa hljóðlistaverk í Gróttuvita, myndlistarsýningu og kennslu í að tálga. Stöðugur straumur fólks var á viðburði og sýningar á bókasafninu ekki síst á sýningu Guðrúnar Einarsdóttur auk þess sem börnin nutu sín í botn á barnadagskrá

bókasafnsins en Gunni Helga rithöfundur sló þar algjörlega í gegn. Á hátíðinni var boðið upp mörg tónlistartriði og tónleika alla dagana en bæjarlistamennirnir Bjössí Sax og Árni Heimir Ingólfsson komu fram auk margra annarra tónlistarmanna. Troðfullt var á Legosýningunni og opnun Lyfjafræðisafnsins vakti að vanda verðskuldaða athygli. Rúsinan í pylsuendanum var svo alvöru bílabíó sem fjöldi fólks sótti og fékk sér auðvitað popp og kók í bílana. Myndir segja meira en þúsund orð eins og sjá má. Enn fleiri verða birtar á fésbókarsíðu Seltjarnarnesbæjar.







# Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2022

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi eða rökstuddum ábendingum um hver hljóta skuli nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2022**.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Umsækjendur og þeir sem senda inn ábendingar eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is). Umsóknir og tilnefningar þurfa að vera rökstuddar. Listamenn láti ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil sinn fylgja sem og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað fyrir **25. nóvember** n.k. í gegnum heimasíðu bæjarins (umsóknir/eyðublöð), með tölvupósti á netfangið [maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is](mailto:maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is) eða bréfleiðis á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: „**Bæjarlistamaður 2022**“.

Menningarnefnd Seltjarnarness







**aurum**  
BY  
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | [www.aurum.is](http://www.aurum.is)

FRÍ HEIMSENDING HEIM AÐ DYRUM

Viðtal við Hilmar J. Malmquist

# Náttúruminjasafn Íslands í Nesi

- þetta er risastór áfangi í sögu safnsins, segir Hilmar J. Malmquist forstöðumaður

**H**átt er til lofts og vítt til veggja á þaki Náttúruminjasafns Íslands á safnasvæðinu á Seltjarnarnesi. Af þakinu blasir Nesið við. Óbyggt svæði á vesturnesinu er fyrir framan bygginguna og í björtu veðri má sjá allt til Snæfellsjökuls og yfir Reykjanes. Gosstöðvarnar í Geldingadölum blasa við og vel mátti fylgjast með eldsumbrotunum þegar gosið stóð sem hæst. Húsið var upphaflega reist til að hýsa lækningaminjasafn en þau áform runnu út í sandinn þegar það var fókheld. Liðin eru 14 ár án þess að unnið hafi verið við bygginguna. Þótt hún sé nánast fókheld hefur hún nokkuð verið notuð meðal annars við upptökur vegna auglýsingagerðar og kvikmyndaframleiðslu.

Á síðasta ári tókust samningar milli Seltjarnarnesbæjar og stjórnvalda um yfirtöku ríkisins á húsnæðinu. Verkefnið var hluti af fjárfestingaráttaki til að vinna gegn samdrætti af völdum heimsfaraldurs kórónaveirunnar. Hagkvæmara var talið að nýta þetta hús sem er hálfbyggt og aðlaga það af þörfum safnsins en að hanna og byggja nýtt hús frá grunni.

## Risastór áfangi

Hugmyndir um nýtingu þessa húsnæðis undir starfsemi Náttúruminjasafns Íslands eru ekki alveg nýjar af nálinni. Eftir að Seltjarnarnesbær sagði sig frá samningi um að bæjarfélagið stofnaði og ræki Lækningaminjasafn Íslands árið 2012 bauð bærinn mennta- og menningarmálaráðuneyti að taka húsið yfir og nota það fyrir Náttúruminjasafn og Lækningaminjasafn sem rekið yrði á kostnað ríkisins. Síðan þróaðist hugmyndin í að húsnæðið yrði eingöngu notað fyrir Náttúruminjasafnið. Þetta er risastór áfangi í sögu þess,“ segir Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður á meðan hann röltir með tíðindamanni um þak byggingarnar á Nesinu. „Með þessum samningi er 130 ára bið Náttúruminjasafns Íslands eftir varanlegu safnhúsi lokið. Eðlilega er mikil vinna eftir við frágang á húsinu en við ætlum að láta hendur standa



Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands.

fram úr ermum og stefnum á að opna safnið hér vorið 2023. Með því færast líf í húsið og raunar allt safnasvæðið á vestanverðu Seltjarnarnesi.“ Hilmar bendir á að Nes eigi sér mjög langa og merkilega sögu náttúru-fars og byggða. „Upphaf skipulegra rannsókna á náttúru Íslands um og upp úr miðri 18. öld tengjast Nesi og þar slitu læknisfræðin og lyfjafræðin barnsskónum hér á landi á sama tíma.“ Hann segir fýsileika sýningarhalds á vegum Náttúruminjasafnsins á Seltjarnarnesi mjög mikla og áhugaverða með hliðsjón af náttúru og umhverfisáðstæðum á staðnum. Hið sama eigi við um tengsl við fornar mannvistarleifar, en byggð hófst á Nesi á landnámsöld og á Seltjarnarnesi megi víða finna merki um athafnir.

## Heildstætt safnasvæði

Hilmar segir að með tilkomu Náttúruminjasafnsins verði til mjög

heildstætt safnasvæði. „Nesstofa er við hliðina á safnahúsinu með urtagarðinum og lyfjaminsafnið er nánast á sömu lóð. Bakkatjörn er skammt undan með fjölbreyttu fuglalífi. Ráðagerði er hér rétt fyrr neðan og svo er örskammt út að Gróttu. Gamla fólkið býr hér við hliðina á okkur á hjúkrunarheimili fyrir heldri borgara og nú er verið að hefja byggingu á nýju íbúðahverfi í Bygggördum. Við höfðum horft til þess að Ráðagerði yrði hluti af starfsemi hér og þar færi fram veitingarekstur. Nú hefur bæjarfélagið hins vegar selt Ráðgerði og því er sú hugmynd út úr myndinni. Þetta þýðir þó ekki að við höfum aflagt hugmynd um veitingarekstur í safninu. Nú er unnið út frá þeirri hugmynd að stækka neðri hæð hússins eða jarðhæð nokkuð til vesturs og koma þar fyrir aðstöðu til veitingareksturs sem verður í beini tengingu innanhúss við safnið.“

## Eitt þriggja höfuðsafna landsins

Náttúruminjasafn Íslands var stofnsett árið 2007 en rekja má sögu þess allt aftur til ársins 1889 að stofndegri Hins íslenska náttúrufræðifélags. Með setningu Safnalaga árið 2001 var tekið skref í þá átt að þjóðin eignist almennilegt safn í náttúrufræði sem hæfir landi og þjóð. Í lögnum er ríkisstofnunin Náttúruminjasafn Íslands gerð að einu þriggja höfuðsafna landsins. Annað skref var stigið árið 2007 með setningu laga um Náttúruminjasafn Íslands þar sem kveðið er á um hlutverk og skipan í starfsemi stofnunarinnar.

## Rúmir 1300 fermetrar

Hilmar segir að á þeim 13 árum sem eru liðin frá því safnið var formlega stofnað hafi það ekki átt sérstakt safnhús. Safnið er hins vegar með aðstöðu til 15 ára í hluta Perlunnar fyrir sýninguna Vatnið í náttúru Íslands „Nú eignast þetta höfuðstafn þjóðarinnar loksins viðunandi aðstöðu. Safnið er búið að vera á hrakhólum síðan það var stofnað formlega árið 2007. Við höfum aldrei haft eigið húsnæði, hvorki til sýningarhalds né annarrar starfsemi, þannig að þetta er langþráð. Og staðsetningin hér er frábær.“ Hilmar segir þetta húsnæði duga til að byrja með. Húsnæðið á Nesinu er 1363 fermetrar að stærð. Jarðhæðin er 937 fermetrar og kjallari 426 fermetrar, einkum ætlaður fyrir geymslur með um fjögurra metra lofthæð. „Hilmar segir að í fjárlagafrumvörpum til næsta árs og næstu þriggja ára sé gert ráð fyrir 1,2 til 1,3 milljörðum til að gera við húsið og laga það að þörfum safnsins. Það hefur staðið svo lengi autt að það hefur ýmislegt gerst sem þarf að laga og endurbæta. Það eru strax komin fram ýmis viðhaldsverkefni.“ Inn í þessum tölum er líka stofnkostnaður fyrir grunnsýningu safnsins,“ segir Hilmar. Hann segir að á meðal þess sem vinna þurfi sé yfirbyggt skýli fyrir móttöku muna. Stækkun neyðarútgangs í kjallara. Nýja fólklyftu og breytingar vegna vörulyftu. Þá þurfi að huga að breytingum á steiptum veggjum



Hús Náttúruminjasafnsins. Til vinstri sést Nesstofa sem er í næsta nágrenni.

í kjallara og á jarðhæð og færslu votrýma auk betri loftræstingar þar. „Hönnun hússins er frá árinu 2007 og hana þarf að endurskoða með tilliti til þarfa. Náttúruminjasafnsins. Við það tækifæri verða þeir verkþættir rýndir sem á eftir að framkvæmda og teikningar af innra skipulagi endurskoðaðar frá grunni.

### Fundaraðstaða og fræðsla

Eftir gönguferð um þakið og að hafa virt frábært útsýnið fyrir sér

liggur leiðin á aðalhæð hússins. Þar er ekkert nema gráir veggir og kuldalegt viðmót í byggingu sem ekki hefur verið hituð upp. Hilmar verður litið til jarðbors sem stíllt hefur verið upp í nágrenni við safnasvæðið. Nánast í útjaðri þess „Þarna er verið að bora eftir heitu vatni fyrir Seltjarnarnes þannig að okkur ætti ekki að skorta yl í framtíðinni. Rafmagnið var líka tekið af húsinu meðan óvissuástand ríkti um framtíð þess en verður að sjálfsögðu sett á þegar vinna við

áframhaldandi byggingu og endurbætur hefst.“ Gönguferðin hófst í suðurhluta hússins. Þar er ætlunin að starfsmannaaðstöðu verði komið fyrir en síðan tekur við sýningarsalur. Til hliðar við hann er annar salur. Í hinum enda hæðarinnar verður komið á fót aðstöðu til funda og kennslu. „Við ætlum okkur að fá bæði æskuna og fleiri hingað inn til þess að kynnast því sem við erum að gera og íslenskri náttúru. Í norðurendanum liggur stigi niður á neðri hæð eða

jarðhæð hússins. Hilmar sagði hann þröngan og íhuga þyrfti hvort gera megi breytingu á þessari tengingu á milli hæðanna. „Við teljum nauðsynlegt út frá notagildi byggingarinnar að efri og neðri hæðin séu vel tengdar og auðveldur samgangur á milli þeirra.“

### Góð veitingaþjónusta

Ljóst er að út frá öllu sem fyrir augun ber í húsnæði safnsins þá býður það upp á margvíslega aðstöðu bæði er varðar geymslu, sýningarhald og fræðslustarfsemi. Ekki má heldur gleyma þeim möguleikum til mannglegra samskipta sem Náttúruminjasafnið mun bjóða í framtíðinni. „Af þeim ástæðum viljum við hafa góða veitingaþjónustu á staðnum.“ Á Hilmar von á að ferðamenn sæki í safnið. „Já ég geri ráð fyrir því og sú reynsla sem við byggjum á til dæmis úr Perlunni sýnir áhuga ferðamanna. Eitt af því sem gerir Ísland eftirsóknarvert fyrir ferðamenn er náttúra landsins. Þegar við verðum búin að setja Náttúruminjasafnið upp hér í tengslum við þetta fallega umhverfi og útsýni efast ég ekki um áhuga ferðamanna. Ég sé fyrir mér mikið og fjölbreytt mannlíf innlendra sem útlendra á safnareitnum á Seltjarnarnesi.“

# Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is



#### Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu Michelin. Aukið grip í hálfu, snjó og slabbi. Endingargott grip út líftímann. Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður. Allir bestu eiginleikarnir – Michelin Total Performance.



#### Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálfu, hvort sem dekkinn eru ný eða ekin 10.000 km. Betri akstureiginleikar í samanburði við helstu samkeppnisaðila. Hámarksgríp með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð. Einstök ending. Lágmarks hljóðmengun.



#### Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnar eftir því sem dekkið slitnar. Endingargott grip út líftímann. Lagskipt gúmmiblanda sem veitir hámarksgríp.

Notaðu N1 kortið

### Hjólbarðaðjónusta N1

Bildshófa 440-1318  
Fellsmúla 440-1322  
Réttarhálsi 440-1326  
Ægisíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378  
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374  
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372  
Dalbraut Akranesi 440-1394  
Réttarhvammi Akureyri 440-1433

Opíð  
mán – fös kl. 08-18  
laugardaga kl. 09-13  
www.n1.is

**N1** ALLA LEIÐ

# Nú geturðu ræktað þína eigin flugelda

**-segir Sigríður Soffía Nielsdóttir**

Ung kona á Seltjarnarnesi Sigríður Soffía Nielsdóttir danshöfundur og hönnuður fæst við óvenjulega hluti, ef til vill eitthvað sem fólki kann að finnast framaði. Að undanfögnu hefur hún unnið að Nýsköpunarverkefni sem kallast "ræktaðu flugelda". Verkið samanstendur af kassa með fræjum og hnýðum af blómum sem flugeldar voru hannaðir eftir. Nú getur fólk keypt gjafabréf fyrir jólin og fær þá kassa senda heim til sín í febrúar. „Þetta er umhverfisvænt og þverfaglegt. Þetta verkefni byrjaði sem dansverk sem varð flugeldasýning sem varð að blómainssetningu í Hallargarðinum í Reykjavík og endaði sem vara til almennings á COVID tímum,“ segir Sigríður Soffía í spjalli við Nesfréttir.

Hún segir „Náttúrulegir flugeldar“ og spyr sjálfa sig hvernig hægt

sé að miðla flugeldum án þess að menga umhverfið. Það geri ég með gjafakössum í takmörkuðu upplagi sem innihalda daliuhnýði, liljur og fræ. Þannig er hægt að rækta sína eigin flugeldasýningu í eigin garði. Í fyrra opnaði Sigríður Soffía verkið Eldblóm-dansverk fyrir flugelda og flóru á Listahátíð. Í framhaldi varð til fræfyrirtækið Eldblóm sem selur 100% vistvæna flugelda þ.e. hnýði og fræ sem flugeldar voru upphaflega hannaðir Þetta skemmtilegt verkefni sem fékk mikla athygli á Hönnunarmars 2021 að hægt sé að rækta flugelda í stað þess að sprengja þá.

**Eldblómin eru 100% vistvænir flugeldar**

En blómaræktun og flugeldar. Hvernig tengist það saman. „Það er ef til vill aðeins flókið að segja frá í



Sigríður Soffía Nielsdóttir umlukin blómum.

stuttu máli. Blómin sem um ræðir eru daliur, chrysanthemumliljur og tré, willow og sakura svo eitthvað sé nefnt. Tengsl flugelda og blóma á

sér uppruna í Japan. Nánast allir flugeldar sem við Íslendingar sprengjum á gamlársdag eru eldblóm, skotið myndar stilk og út springur blóm.

**Smurþjónusta  
Engar tímapantanir!**

**Kæru nágrannar,  
við viljum minna á þjónustu  
okkar í Vatnagörðum 12**

*Komdu í bílaþrif eða  
nýttu þér smurþjónustu  
Motormax*



**Djúphreinsun - Bón - Léttþrif  
Alþrif - Mössun - Ceramic húðun**

**MotorMax**

Motormax ehf.  
Vatnagörðum 12  
Sími 545 4040  
motormax@motormax.is



Frá sýningunni eldblóm.

Algengustu flugelda-effectar í dag eru blóm og tré af asískum uppruna, blóm sem margir hafa ræktað í mörg

ár fyrir sumarbeðin. Þarna fæddist hugmyndin „get ég ræktað flugeldasýningu“ sem tók síðan nokkur ár

að móta. Ég leitast við að verkið geti tengst hugrenningum fólks varðandi hvaða flugelda það vill sprengja (rækta) og samverustundin þegar það er úti með krökkunum að (sprengja) sinna blómum. Ólíkt flugeldum eru eldblómin 100% vistvænir flugeldar, hægt er að njóta blómanna sumarlangt, klippa og setja í vasa, og vera með ræktaða flugelda inni sem úti.

### Bein tenging við dansinn

Hvernig tengist þetta dansinum. „Það er bein tening þar á milli. Ég var að semja dansverk fyrir flugelda þegar

áhugi minn vaknaði á þessu. Ljósíð sem hreyfist er dansararnir og sviðið er himininn.“ Fyrir nokkrum árum áskotnaðist Sigríði Soffíu japönsk bók, biblíu flugeldanna eins og hún kallar það. „Japanska orðið fyrir flugelda er hanabi sem þýðir í beinni þýðingu eldblóm. Mér fannst þetta sérstaklega áhugavert og byrjaði að safna fræjum, því mig langaði til að kanna hvort ég gæti ræktað flugeldasýningu. Þetta er dansverk í gegnum það að flugeldarnir dansa og núna erum við í rauninni komin í „slow-motion“ eða hægfara dansverk.“

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

[www.utfarin.is](http://www.utfarin.is)



SÍÐAN 1996

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

[www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



# Einfaldari vasapeningar

- Nýtt kort fyrir ungt fólk
- Forráðamenn sækja um það í appinu
- Hægt að byrja strax að nota kortið
- Full yfirsýn yfir notkun þess

Kynntu þér kortið á [landsbankinn.is/vasapeningar](http://landsbankinn.is/vasapeningar)

# Tímabært fyrir húsfélög að finna framtíðarlausn fyrir hleðslu rafbíla

- segir Bjarni G. Hjarðar, byggingar- og umhverfisverkfræðingur

„Útfærsla á hleðslu rafbíla í fjölbýlishúsum var auðveld meðan fáir rafbílar voru í umferð og unnt var að leysa málin svo dugði um hríð. Með breyttum fjöleignarhúsálögum frá maí 2020, sem skylda húsfélög til að bregðast við óskum um að koma upp rafhleðslustengingum, er ljóst skýra þarf fyrirkomulag hleðslu rafbíla í fjöleignarhúsum með áherslu á framtíðarlausnir og réttláta skiptingu kostnaðar milli húsfélaga og einstakra rafbílaeiganda,“ segir Bjarni G. Hjarðar, byggingar- og umhverfisverkfræðingur, sem er sérfræðingur og ráðgjafi á fasteignasviði Eignaumsjónar. Hann leiðir þróun nýjunga í þjónustu Eignaumsjónar, þ. á m. úttektir á hleðslufyrirkomulagi rafbíla í fjölbýlishúsum.



Bjarni G. Hjarðar, sérfræðingur og ráðgjafi á fasteignasviði Eignaumsjónar til hægri, og Þórhallur Sveinsson þjónustufulltrúi í vettvangsskoðun vegna hleðslumála rafbíla.

Áform stjórnvalda um að hætta innflutningi árið 2030 á fólksbífreiddum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti, ásamt nýrri spá Eignaumsjónar um að 50% allra fólksbíla hérlandis það ár verði raf- og tengiltvinnbílur, undirstrika enn frekar að tímabært er fyrir húsfélög að huga að framtíðarlausnum í þessum efnum.

## Öll fjölbýlishús þurfa rafhleðslutengingar innan nokkurra ára

„Samkvæmt spá sem við höfum gert út frá opinberum gögnum ætlum við að innan áratugs verði yfir 50% fólksbíla hér á landi knúin raforku að einhverju eða öllu leyti. Það eru um 150.000 bílar en þeir voru aðeins um 15.000 um síðustu áramót. Þessir bílar eru notaðir daglega til ferða og verða í hverju einasta fjölbýlishúsi. Langflestir kaupendur fasteigna gera nú orðið kröfu um að slíkar tengingar séu til staðar, ekki í óráðinni framtíð heldur strax í dag,“ segir Bjarni.

## Hlutlaus og fagleg úttekt

Huga þurfi að ýmsu í upphafi segir Bjarni, s.s. að tryggja að heimtaug í hús sé nægjanlega öflug, hvaða búnað skuli velja og hver sé tæknileg geta hans, að álagsstýringarbúnaður

sé til staðar og að innheimta, byggð á mælingum, geti verið sjálfvirk. Fýsilegt sé einnig út frá samkeppnissjónarmiðum að hægt sé að skipta um orkusala, ef vilji er til þess hjá stjórn húsfélags, sem og að geta tengt fleiri en eina gerð af hleðslustöðvum við kerfið.

„Segja má að húsfélög horfi fram á að reka lítið orkusölufyrirtæki innan húsfélagsins. Þetta er flóknara

en virðist við fyrstu sýn. Til að hjálpa stjórnnum húsfélaga að greina bestu kosti við rafhleðslukerfi fyrir sína fasteign bjóðum við öllum húsfélögum sem þess óska, hvort sem þau eru í viðskiptum hjá okkur eða ekki, upp á hlutlaus og faglega úttekt ásamt ráðgjöf um bestu framtíðarlausnir vegna hleðslu rafbíla,“ segir Bjarni.

## „Bílastuð“ Eignaumsjónar


Í Bílastuði 0 er gerð hlutlaus og fagleg úttekt á mögulegu hleðslukerfi hússins og gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlun, mögulega áfangaskipt. Í Bílastuði 1 færir Eignaumsjón innheimtu gjalda vegna hleðslu rafbíla frá ábyrgð húsfélagsins yfir í sjálfvirk fyrirkomulag og reikningagerð.

„Þá er þriðja leiðin, Bílastuð 1+1 og þá ábyrgjumst við hjá Eignaumsjón rekstur og viðhald kerfanna ef þau eru að fullu snjallvædd, sem tryggir nákvæma skrá um notendur og notkun hvers fyrir sig og er auðvitað forsenda fyrir sanngjarnri og réttri innheimtu. Okkar sýn er að sem flest húsfélög líti til opinna lausna, þ.e. að engu skipti við val á kerfi hver framleiðandi hleðslustöðva er eða hvaða aðili selur notandanum raforkuna.“

## Styttist í að jarðefnaeldsneytisbílum sé úthýst

Stjórnvöld á Íslandi hafa markað þá stefnu að hætta innflutningi á fólksbífreiddum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti árið 2030. Jafnframt hafa allir helstu bílaframleiðendur heims þegar ákveðið að hætta notkun dísilolíu eða bensíns sem orkugjafa í sína nýju bíla, jafnvel eftir aðeins nokkra mánuði og misseri og því segir Bjarni einsýnt að fjöleignarhús þurfi að bregðast við með uppsetningu hleðslukerfis.

„Nú er meðalaldur fólksbíla rúm 12 ár og það gefur auga leið að skynsamlegt er að velja rafbíla eða tengiltvinnbíla í dag. Fólk stendur nú þegar frammi fyrir orkuskiptum bílaflotans – orkuskiptum sem eru svo sannarlega tímabær af umhverfislegum og efnahagslegum ástæðum og fasteignir sem styðja orkuskipti eru og verða verðmætari og söluvænlegri.“



Rafbílaspá Eignaumsjónar. Grár hluti súla: fjöldi fólksbíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Gulur hluti súla: fjöldi fólksbíla sem í rafhleðslu. Appelsínugul lína: hlutfall rafbíla og tengiltvinnbíla af innfluttum. Gul lína: hlutfall rafbíla og tengiltvinnbíla af öllum fólksbílum.



# Verkur, eymsli, þroti?

## Diclofenac Teva hlaup

Til staðbundinnar meðferðar útvortis á vöðvum og liðum.

**Diclofenac Teva** er hlaup sem inniheldur virka efnið díklófenak. Lyfið er notað útvortis við verkjum, eymslum og þroti í liðum og vöðvum vegna bólgu. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. **Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)**

Markaðsleyfishafi Teva B.V. Umboðsaðili er Teva Pharma Iceland ehf.

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRÍ BÆJARBÚA

### MENNING, HAPPY HOUR, JÓLAHLAÐBORD

Dagskrá félags- og tómstundastarfs eldri bæjarbúa hefur farið vel af stað í haust og hefur þátttakan verið með ágætum bæði í almennri dagskrá og á námskeiðin. Margt af því sem legið hefur niðri í covid-ástandinu er nú nánast allt komið inn og t.d. var fyrsti þúttíminn í Risinu þriðjudaginn 12. okt. eftir margra mánaða hlé.

Menningarhátíð bæjarins var haldin dagana 7. – 10. október og tókst vel. Félagstarfið var með aðstöðu í húsnæði bókasafnsins og sýndi þar brot af handverki bæði verk í vinnslu, fullunnin verk, tæki og tól. Menningin heldur áfram því okkur tókst að ná í miða á 9 líf Bubba föstudaginn 22. okt. og er mikil tilhlökkun í hópnum fyrir sýningunni, en færri komust að en vildu. Það eru margar sýningar í leikhúsunum sem gaman væri að sjá og við gerum jafnvel ráð fyrir að fara aftur í leikhúsið fyrir áramótin. Gott væri að fá tillögur frá ykkur.

### MENNINGARFERÐ Í “BÆINN”.

**Fimmtudaginn 28. október** ætlum við að fara og sjá Mugg í Listasafninu og svo í Ráðhúsið á sýninguna Kóróna sem haldin er í tilefni af 40 ára afmæli leirlistafélagsins. Kaffihús. Skráningablöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri

Samstarf félagsstarfsins og ungmenna í Való þar sem boðið er upp á félagsmálafræði sem valgrein. Ungmennin hafa verið að vinna að ákveðjum verkefnum því tengdu.

**Þriðjudaginn 2. nóvember milli kl. 14.00 og 16.00** koma þau í heim-sókn í salinn á Skólabraut, greina frá verkefnum og spjalla. Þau hvetja sem flesta til að mæta og vera með.

Samveran sem auglýst var nú í október frestast fram í nóvember og verður **miðvikudaginn 3. nóvember, SAMVERA / HAPPY HOUR** í salnum á Skólabraut og hefst kl. 17.00.

Sólveig Pálsdóttir rithöfundur er einn þeirra listamanna sem svaraði beiðni okkar í verkefninu “gestur og gleðigjafi” og ætlar hún að mæta, lesa kafla úr bókinni Klettaborgin, en bókin er byggð á æskuminningum Sólveigar. Eftir lestur og spjall opnar barinn þar sem hægt verður að kaupa gos, bjór og léttvín.

Einnig verður boðið upp á kokteilsnuttur, pinnamat og snakk. Leikin verður létt tónlist í bland við danstónlist.

Verð kr. 3.000.-

Allir velkomnir.

Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri.

### BINGÓ Í GOLFSKÁLANUM

Ath. Breytt dagsetning. Bingóið í golfskálanum verður **fimmtudaginn 11. nóvember kl. 14.00.**

Alltaf gaman og allir velkomnir. Þeir sem vilja akstur út í skála mæti á Skólabrautina. Byrjum að keyra um kl. 13.30.

### JÓLAHLAÐBORD

#### KRÍUNES

Við ætlum að njóta aðdraganda jólnanna með jólahlaðborði, lifandi tónlist í hátíðlegu og hlýlegu umhverfi við Elliðavatn. Jólahlaðborðið verður **fimmtudaginn 25. nóvember**. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og í Eiðismýri.

ATH. Skráning á viðburði, fyrirspurnir og upplýsingar eru hjá Kristínu í síma 893 9800 eða á netfangið kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is.

## BÓKAÐ MÁL

### Vetur



Það stírnir á bílastæðin fyrir utan í fyrstu morgunbirtunni. Rigningin hefur vikið fyrir kaldri stillu og sólargeislarnir koma hægt inn um gluggann svo glampar á kaffið í bollanum þegar ég legg hann frá mér. Kuldinn er næstum sýnilegur í loftinu.

Ég beygi mig eftir pappakassanum sem liggur rétt utan við dyrnar inn á safnið, veg hann milli handa mér og hristi dálítið. Þessi kassi er fullur af nýjum bókum. Veturinn er greinilega að koma, bæði úti og inni.

*Útan við opinn gluggann  
ýlir með leiðum róm  
nöturleg næturgjóla,  
næðir um fölnuð blóm.*

Þannig yrkir Einar Bragi um vetrarkomuna og ættu flestir að kannast við stemminguna. En með vetrinum er líka von á fegurð og kyrrð og þá troðum við *frosnar stjörnur í grasinu* eins og segir í ljóði Ingunnar Snædal.

Fyrir á öldum var tíminn á mörkum sumars og vetrar kallaður *veturnætur* og var þá mikið um veisluhöld enda nóg til af ferskmeti eftir uppskeru og sláturtíð. Nú á dögum má segja að *veturnætur* marki upphaf veislutíma hjá bókafélki og þeim sem vinna með bækur því um þetta leyti fer af stað hið árvisna og séríslenska bókaflóð.

Nú streymir inn á bókasafnið bókmenntalegt ferskmeti sem við berum skjótt á borð fyrir hungraða gesti til að þeir geti fitað sig vel af fróðleik og skáldskap. Því þótt bækurnar geymist auðvitað ágætlega er það ferskasta alltaf best og um að gera að næla í girnilegustu bitana áður en þetta fer allt saman í súr.

Já, veturinn er ekki alsælur. Þótt við þurfum að skafa bílruðurnar af sífellt meiri hörku má enn finna sinn ráðlagða dagskammt af fegurðinni, hvort sem er í hrímuðu grasi eða á ilmandi síðum glænýrra bóka.

Ekki treysti ég mér til að spá fyrir um veðráttunna þennan veturinn. En ég leyfi mér hins vegar að spá alveg ægilega góðum bókum í flóðinu.

Gleðilegan vetur!

Það verður áfram hlýtt á bókasafninu.

TRYGGVI STEINN STURLUSON  
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16  
alla virka daga

*Verið velkomin*

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



# Leirlistarhópur á Selfossi



Listakonur úr leirlistarhópi Rögnu Ingimundardóttur fóru í dagsferð austur fyrir fjall og heimsóttu m.a. nýja miðbæinn á Selfossi í dásamlegu haustveðri.

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

# ALLT SEM SKIPTIR MÁLI ÁN AUKAEFNA SÍÐAN 2013



Stattu á sterkum  
grunni með Viridian

Fjölvítamín,  
sérhæfð vítamín,  
meltingargerðar,  
fitusýrur og jurtir.

Viridian eru eins  
og hrein og virk  
og hægt að  
hafa vítamín.



**Wild Grace**  
Húðvörurnar sem allar eru handunnar  
í smáum skömmtum aðeins með  
hreinum og lífrænu innihaldi.



**Kristalsvatnsflöskur**  
Nú getur þú bætt við þínum  
eigin kristal í flöskuna.



**Saffran latté**  
Saffran lyftir upp andanum  
og eykur serótónín.



**Lúxus handunnin reykelsi**  
Eins og engin önnur. Andinn  
og efnid í fullkominni harmóníu.



**Asanas umhverfisvænar jógvörur**  
Korkjógvörur og hugleiðsluvörur úr lífrænni bómull.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367



## Chris Brazell tekur við meistaraflokkki karla



Chris Brazell, annar frá vinstri, ásamt forráðamönnum knattspyrnudeildar Gróttu.

Það er mikið gleðiefni fyrir knattspyrnudeild Gróttu að hafa gengið frá samningi við Chris Brazell sem aðalþjálfara meistaraflokks karla til næstu þriggja ára.

Hinn 29 ára gamli Chris hóf störf hjá knattspyrnudeildinni fyrir tveimur árum og hefur starfað sem yfirþjálfari yngri flokka síðan, ásamt því að hafa starfað sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla síðasta árið, í góðu samstarfi við Ágúst Þór Gylfason. Chris er með UEFA-A þjálfaragráðu og BA gráðu í alþjóðasamskiptum frá University of Lincoln. Chris starfaði í fjögur ár í akademíu enska úrvaldsdeildarliðsins Norwich City þar sem hann var m.a. aðalþjálfari U14 ára liðs félagsins og vann með leikmönnum sem voru að stíga sín fyrstu skref í aðalliðinu. Chris hefur auk þess verið í starfsnámi hjá þýsku liðunum Borussia Dortmund og FC Köln.

Knattspyrnudeild Gróttu telur ráðningu þessa unga þjálfara í anda þess sem Gróttu stendur fyrir, þ.e. að gefa ungu hæfileikafólki tækifæri, bæði leikmönnum og þjálfurum. Það sé hluti af því sem gerir Gróttu lifandi og skemmtilegt félag, alltaf opið fyrir ferskum straumum, nýjum hæfileikum og gefur fólki frelsi til að þroskast við stórar áskoranir. Deildin fagnar því að hafa Chris áfram í lykilhlutverki hjá félaginu í því uppbyggingastarfi sem deildin hefur staðið fyrir undanfarin ár.



## Árskortin komin í sölu í handboltanum



Handknattleiksdeild Gróttu hefur hafið sölu á árskortum vetrarins. Boðið er upp á fimm mismunandi gerðir af árskortum sem henta fjölbreyttum hópi áhorfenda.

### Gullkort

Gullkortið gildir fyrir tvo á alla deildarleiki Gróttu í Hertz-höllinni í vetur hjá báðum meistaraflokkunum okkar. Kortið kostar 40.000 kr.

### Silfurkort

Silfurkortið gildir fyrir einn á alla deildarleiki Gróttu í Hertz-höllinni í vetur hjá báðum meistaraflokkunum okkar. Kortið kostar 25.000 kr.

### Olísdeildarkort

Olísdeildarkortið gildir fyrir einn á alla deildarleiki meistaraflokks karla í Hertz-höllinni í vetur. Kortið kostar 15.000 kr.

### Grill 66-deildarkort

Grill 66-deildarkortið gildir fyrir einn á alla deildarleiki meistaraflokks karla í Hertz-höllinni í vetur. Kortið kostar 10.000 kr.

### Ungmennakort (16 – 20 ára)

Ungmennakortið gildir fyrir einn á alla deildarleiki Gróttu í Hertz-höllinni í vetur hjá báðum meistaraflokkunum okkar. Kortið kostar 7000 kr.

Salan á kortunum fer fram í vefverslun Gróttu á [grotta.is](http://grotta.is) og einnig verður hægt að kaupa í sjöppunni á meistaraflokksleikjum.

Athygli er vakin á að miðaverð á leiki í vetur er 2000 kr. Sala á heimaleikjakortum er stór fjáröflunarþáttur í starfi félagsins.

Við vonum að sem flestir styðji Gróttu í þessari fjáröflun.

Áfram Gróttu!

[www.grotta.is](http://www.grotta.is)

GETRAUNANÚMÉR GRÓTTU

**170**

**1X2**  
GETRAUNIR.IS

**RECARO**  
Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

# Seltjarnarnesbær hlýtur Jafnvægisvog FKA

Seltjarnarnesbær hefur hlotið viðurkenninguna Jafnvægisvog FKA. Um er að ræða hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) og kynnti Eliza Reid viðurkenningarnar á ráðstefnunni, Jafnrétti er ákvörðun, sem haldin var fyrir skömmu.

Jafnvægisvogin veitti viðurkenningar til þrjátíu og átta fyrirtækja, sjö sveitarfélaga og átta opinberra aðila úr hópi þeirra 152 þátttakenda sem hafa undirritað viljayfirlýsingu og tóku þátt í könnun um aðgerðir sem gripið var til.

Markmið Jafnvægisvogar um 40/60 kynjahlutfall í efsta stjórnendalagnum var haft til hliðsjónar við matið. Stór hluti þeirra þátttakenda sem skrifuðu undir viljayfirlýsingu Jafnvægisvogarinnar haustið 2020 hafa náð góðum árangri á þessu sviði og fjölgaði þeim fyrirtækjum sem hafa náð markmiðunum um 8 á milli ára. Auk þess vekja þátttakendur í Jafnvægisvoginni athygli á jafnréttismálum innan sinna fyrirtækja með ýmsum öðrum hætti. Mikil ánægja er með þessa viðurkenningu innan Seltjarnarnesbæjar enda markvisst unnið að því að tryggja jafna stöðu kynjanna. Seltjarnarnesbær hlaut til að mynda Jafnlaunavottun í desember 2020.



Ari Eyberg mannaússtjóri tók við viðurkenningunni fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar.

## HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



## Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekt á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

**Bílastuð Eignaumsjónar - Þrjár Þjónustuleiðir í boði:**

- » **Bílastuð 0** - úttekt á hleðsluáðstöðu og framkvæmdaáætlun
- » **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélög vegna rafbílahleðslu
- » **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum



## FJÖLSKYLDU TILBOÐ

2 ostborgarar og 2 barnaborgarar  
með frönskum og kokteilsósu  
ásamt 2 lítra gosi og einu meðlæti

**AÐEINS 4900 EF SÓTT**



RAUÐA LJÓNID  
Sími: 562-1800  
[www.ljonid.is](http://www.ljonid.is)





# Aukin þjónusta við eldri borgara



Við bjóðum eldri borgurum, sem ekki hafa tök á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í **sérstakt símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

**Góð þjónusta breytir öllu**

